

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár

Verk- og tímaáætlun

2017

FORSENDUR

Mývatn og Laxá eru vernduð samkvæmt lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Tekur verndunin til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin.

Lögin eiga að tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni á víðáttumiklu vatnasviði Mývatns og Laxár, ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í fjölbreytilegu og ríkulegu lífríki votlendis ásamt einstökum jarð- og landmyndunum sem setja svip sinn á svæðið. Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Þá ber Umhverfisstofnun, samkvæmt lögum 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, ábyrgð á því að gerð sé verndaráætlun fyrir verndarsvæðið og skal hún endurskoðuð á fimm ára fresti. Verndaráætlun Mývatns og Laxár gildir frá 2011-2016 og þarfnast því endurskoðunar. Samkvæmt 2. gr. laga 97/2004 tekur ákvæði laga um gerð verndaráætlunar til Skútustaðahrepps alls, en þar sem að aðeins hluti hreppsins er verndaður samkvæmt sérlögum, mun þessi stjórnunar- og verndaráætlun aðeins taka til þess svæðis sem verndað er samkvæmt fyrrgreindum lögum. Er það í samræmi við þá stefnu sem sett var fram í verndaráætlun svæðisins 2011-2016. Um önnur friðlýst svæði í nágrenni Mývatns og Laxár verður fjallað sérstaklega í stjórnunar- og verndaráætlunum þeirra svæða.

Stjórnunar- og verndaráætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Í verndaráætlun skal, samkvæmt lögum 97/2004 og lögum 60/2013, m.a. fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, friðlýsingu náttúruminja, landnýtingu, landvörslu, fræðslu og miðlun upplýsinga, umferðarrétt almennings og aðgengi ferðamanna að svæðinu, þar á meðal aðgengi fatlaðra. Verndaráætlunin skal gerð í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, hagsmunaaðila og umhverfisverndarsamtök á svæðinu og stofnanir sem starfa lögum samkvæmt á sviði náttúruverndar, vatnsverndar og veiðinýtingar.

Verða þessir þættir því hluti af efnistöku stjórnunar- og verndaráætlunar Mývatns og Laxár.

Þar sem að stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár er endurskoðun á eldri verndaráætlun svæðisins, verður einnig lögð áhersla á að skoða framvindu stefnumótunar sem sett var fram í fyrri áætlun svæðisins, sem var í gildi frá 2011-2016. Áfram verður unnið með þá stefnumótun en út frá breyttu verklagi við gerð stjórnunar- og verndaráætlana og sú stefnumótun þróuð áfram eins og aðstæður á svæðinu gefa tilefni til.

UMSJÓN MEÐ VERKEFNINU

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunnar verður í höndum sérfræðings Umhverfisstofnunar, en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunnar eiga einnig sæti fulltrúar sveitarfélaga, hlutaðeigandi stofnana, náttúruverndarsamtaka og landeigenda

sem munu taka virkan þátt í gerð hennar. Gert er ráð fyrir að haldnir verði reglulegir fundir á verk tíma auk þess sem samskipti munu fara fram með tölvupóstum.

Í samstarfshópi um svæðið sitja:

<u>Fiskistofa</u>	<u>Guðni Magnús Eiríksson.</u>
<u>Fjöregg</u>	<u>Hjördís Finnbogadóttir</u>
<u>Fuglavernd</u>	<u>Ragnhildur Sigurðardóttir</u>
<u>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra</u>	<u>Halldór Valdimarsson.</u>
<u>Landeigendur innan verndarsvæðis</u>	<u>Bragi Finnbogason,</u> <u>Guðrún María Valgeirsdóttir,</u> <u>Leifur Hallgrímsson,</u> <u>Sigrún Marínósdóttir.</u>
<u>Landvernd</u>	<u>Lovísa Ásbjörnsdóttir</u>
<u>Náttúrufræðistofnun Íslands</u>	<u>Trausti Baldursson (tengiliður).</u>
<u>Náttúrustofa Norðausturlands</u>	<u>Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir.</u>
<u>Norðurþing</u>	<u>Jón H. Björnsson.</u>
<u>Þingeyjarsveit</u>	<u>Árni Pétur Hilmarsson.</u>
<u>Skútustaðahreppur</u>	<u>Helgi Héðinsson.</u>
<u>Hafrannsóknarstofnun, rannsóknar- og ráðgjafastofnun hafs og vatns</u>	<u>Jón S. Ólafsson.</u>
<u>RAMÝ – Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn</u>	<u>Árni Einarsson.</u>
<u>Umhverfisstofnun</u>	<u>Linda Guðmundsdóttir,</u> <u>Davíð Örn Hansson</u>

ALMENNT UM STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLANIR

Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar þar fram á auðskiljanlegan máta. Áætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil hvað varðar bakgrunnsupplýsingar fyrir svæðið og megin áhersla verður lögð á

gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir. Verða nánari upplýsingar um svæðið, rannsóknir og fylgigögn aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Gert er ráð fyrir að gildistími stjórnunar- og verndaráætlunarinnar verði 5 ár samkvæmt sérlögum svæðisins og að með henni fylgi aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum verða áætlanirnar endurskoðaðar og uppfærðar.

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

AÐGERÐAÁÆTLUN 20XX – 20XX

1. INNGANGUR

- 1.1. Leiðarljós
- 1.2. Eignarhald og umsjón
- 1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- 1.4. Verndargildi og verndarflokkur

2. LÝSING Á SVÆÐINU

- 2.1. Mörk svæðanna
 - 2.1.1. Tengsl við grannsvæði
- 2.2. Náttúruminjar
 - 2.2.1. Jarðminjar
 - 2.2.2. Gróður
 - 2.2.3. Dýralíf
- 2.3. Menningarminjar
- 2.4. Landnotkun
- 2.5. Aðgengi
- 2.6. Innviðir og mannvirki
- 2.7. Öryggismál
- 2.8. Fræðsla og kynning
- 2.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 2.10. Rannsóknir og vöktun

3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR

- 3.1. Svæðisskipting
- 3.2. Náttúruminjar
- 3.3. Menningarminjar
- 3.4. Landnotkun
- 3.5. Aðgengi
- 3.6. Innviðir og mannvirki
- 3.7. Öryggismál
- 3.8. Fræðsla og kynning
- 3.9. Mönnuð og ómönnuð loftför
- 3.10. Rannsóknir og vöktun

VIÐAUKAR

SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlanir. Helstu hagsmunaaðilar verða upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar. Samráð verður skipulagt í gegnum vinnuferlið og samráðsáætlun uppfærð reglulega sé þess þörf. Lagt er upp með að íbúafundur verði haldinn snemma í ferlinu. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun verður síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning og gefst þá öllum kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og tilgang samráðs er að finna í samráðsáætlun.

VERK- OG TÍMAÁÆTLUN

Gerð hefur verið verk- og tímaáætlun fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár. Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur

Tími: Mars 2017

Unnið verður að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar, haldinn undirbúningsfundur með starfshópi og fulltrúum Umhverfisstofnunar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu. Hópurinn ræði helstu áherslur og komi með tillögur að þeim þáttum sem nauðsynlegt er að fjalla um í endurskoðaðri áætlun.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu

Tími: lokið í júlí 2017

Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunar svæðisins. Einnig verður tekið saman ítarefni til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Drög að bakgrunnsköflum verða unnin að mestu í gegnum tölvupóst. Fulltrúi Umhverfisstofnunar vinnur úr gögnum sem stofnunin hefur aðgang að, ásamt göngum sem fulltrúar samstarfshópsins leggja til og sendir tillögur að drögum til fulltrúa samstarfshópsins. Samstarfshópurinn vinnur áfram með drögin. Þegar samstarfshópurinn hefur samþykkt drögin er farið að vinna að stefnumótun fyrir þá þætti sem tilgeindir eru í 1. og 2. kafla.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar auk ítarefnis.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir

Tími: Óstaðfestur

Starfshópurinn mun vinna að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið, stefnu og aðgerðir. Hópurinn fundar eftir þörfum og er lögð áhersla á að staðfundir séu haldnir í einu af þeim þremur sveitarfélögum sem verndarsvæðið tilheyrir. Boðið verður upp á fjarfundarlausnir fyrir þá sem það kjósa.

Starfshópurinn ákveður frekara fyrirkomulag samráðs í tengslum við stefnumótun svæðisins og skipuleggur íbúafundi eða fundi með samráðsaðilum eftir því sem þurfa þykir.

Fundir munu vera skipulagðir út frá þeim áherslum sem samstarfshópurinn leggur í stefnumótun svæðisins. Dagskrá verður send út fyrir hvern fund og fundargerð rituð að þeim loknum.

Þegar samstarfshópurinn hefur komið sér saman um helstu efnisþætti, markmið og aðgerðir fyrir stefnumótun svæðisins mun hópurinn vinna saman að kafla 3, með sama hætti og tilgreint er í 2. áfanga vinnunar.

Afurð: Drög að 3. kafla verndar- og stjórnunaráætlunarinnar.

4. áfangi: Greining á aðgerðum

Tími: óstaðfestur

Aðgerðum fyrir svæðið er forgangsraðað og sett á þær tímamörk.

Unnið að miklu leyti samhliða áfanga 3.

Afurð: Aðgerðaáætlun.

5. áfangi: Kynningarferli

Tími: Óstaðfestur

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun kynnt fyrir almenningi og öllum gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir. Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda

Tími: Óstaðfestur

Samstarfshópurinn vinnur úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar.

7. áfangi: Útgáfa
Tími: Óstaðfestur

Stjórnunar- og verndaráætlun undirrituð af ráðherra, gefin út og birt í Stjórnartíðindum B.